Meiri aðgerðir nauðsynlegar til að byggja upp ýsustofninn

Smábátasjómenn nefna togveiðibann á ýsuslóðum og auknar línuveiðar sem leið

Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til að byggja upp ýsustofninn, að mati Arnar Pálssonar, framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda. Hann sagði ...

Guðni Einarsson gudni@mbl.is



Ýsa Smábátasjómenn vilja að gripið sé til fleiri aðgerða en kvótaminnkunar til að byggja upp ýsustofninn.

Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til að byggja upp ýsustofninn, að mati Arnar Pálssonar, framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda. Hann sagði að smábátasjómenn væru langt komnir með veiðiheimildir í ýsu og ekki væri verjandi að leigja ýsukvóta á yfir 300 kr. kílóið. Hann sagði að smábátasjómenn hefðu fengið þá skýringu á lítilli úthlutun aflaheimilda í ýsu að nýliðun undanfarinna fjögurra ára hefði ekki tekist sem skyldi.

»Ef svo er þá finnst mér einkennilegt að Hafrannsóknastofnunin skuli ekki reyna fleiri aðferðir en minnkun aflaheimilda til þess að bregðast við svo alvarlegum tíðindum,« sagði Örn. Hann nefndi sérstaka verndun ýsuárganga sem eru slakir að mati stofnunarinnar.

»Það vil ég gera m.a. með því að banna alfarið togveiðar á þekktum ýsuslóðum. Ástæðan er sú að þar sem ýsan heldur sig er sambland bæði stórrar og mjög smárrar ýsu,« sagði Örn. Hann sagði að þegar ýsan lenti í trolli spýttist smáa ýsan út í gegnum möskvana. Þótt hún veiddist ekki þá sýndu rannsóknir að hún dræpist því hún væri mjög viðkvæm fyrir því að smjúga í gegnum möskvana. Í stað togveiða ætti að leggja meiri áherslu á línuveiðar á ýsu.

Örn nefndi að hugmynd sín um takmörkun trollveiða á ýsuslóðum og sérstaka ívilnun fyrir alla dagróðrabáta á línu á grunnslóð væri í góðu samræmi við ábendingar sem komu fram í erindi Höskuldar Björnssonar, sérfræðings á veiðiráðgjafarsviði Hafrannsóknastofnunarinnar, á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) í lok október í haust. Örn furðaði sig á því að stofnunin skyldi ekki hafa lagt tillögur þess efnis fyrir atvinnuvegaráðherra.